# 49. Siglingaþing

Skýrsla stjórnar

**20.03.2022**

**Íþróttamiðstöðinni Laugardal**

# Siglignasamband Íslands

Íþróttamiðstöðinni Laugardal
Engjavegi 5
104 Reykjavik
netfnag sil@silsport.is

## Efnisyfirlit

**DAGSKRÁ 49. SIGLINGAÞINGS .......... 3**

**STJÓRN SÍL KOSIN Á 48. SIGLINGAÞINGI 2021 .......... 3**

**YFIRLIT YFIR IÐKENDUR .......... 4**

**SKÝRSLA FORMANNS .......... 5**

**SKÝRSLA FRÁ WORLD SAILING .......... 7**

**ÚRSLIT 2021 .......... 8**

**LÖG SÍL .......... 14**

**REIKNINGAR 2021 .......... 18**

**ÁRITUN SKOÐUNARMANNA .......... 24**

**Skýrsla 49. Siglignþings var unnin af**
Birni Heiðari Rúnarsyni
Markúsi Elvari Péturssyni
Úlfi Helga Hróbjartssyni

# Dagskrá 49. Siglingaþings

4.1.1. Formaður setur þing.
2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar
3. Kjörinn þingforseti.
4. Kjörnir 1. og 2. þingritari
5. Ávörp gesta
6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar
7. Kosning fastanefnda
   a) Fjárhagsnefnd 3 manna
   b) Laga og leikreglnanefnd 3 manna
8. Lögð fram skýrsla stjórnar
9. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðendum reikninga félagsins.
10. Umræður um skýrslu stjórnar
11. Umræður um og samþykkt reikninga
12. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár
13. Lagabreytingatillögur
14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði
15. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið
16. Tillögur fjárhagsnefndar
17. Kosningar
   a) Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.
   b) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).
   c) Fulltrúa á íþróttaþing í samræmi við reglur ÍSÍ
18. Þingslit

# Stjórn SÍL kosin á 48. Siglingaþingi 2019

Aðalsteinn Jens Loftsson formaður
Markús Pétursson gjaldkeri
Björn Heiðar Rúnarsson Ritari
Jón Kristinn Þórðarsson meðstjórnandi
Guðmundur Benediktsson varamaður
Ragnar Tryggvason varamaður
Ríkharður Daði Ólafsson varamaður

# Yfirlit yfir iðkendur

| Héraðssamband/félög | 2015 | 2016 | 2017 | 2018 | 2019 | 2020 | 2020 |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **Íþróttabandalag Reykjavíkur** | | | | | | | |
| Brokey, siglingafélag Reykjavíkur | 198 | 205 | 170 | 168 | 175 | 171 | 170 |
| Kayakklúbburinn | 497 | 497 | 493 | 492 | 491 | 493 | 491 |
| **Ungmennafélag Kjalarnesþings** | | | | | | | |
| Siglingafélagið Ýmir | 252 | 252 | 249 | 259 | 209 | 209 | 230 |
| **Íþróttabandalag Akureyrar** | | | | | | | |
| Siglingafélagið Nökkvi | - | 53 | - | 182 | 245 | 276 | 266 |
| **Íþróttabandalag Hafnarfjarðar** | | | | | | | |
| Siglingaklúbburinn Þytur | 257 | 296 | 303 | 379 | 506 | 572 | 253 |
| **Héraðssamband Snæfells og Hnappadalssýslu** | | | | | | | |
| Siglingadeild Snæfells | 25 | 25 | 25 | 1 | 1 | 1 | 0 |
| **Héraðssamband Vestfirðinga** | | | | | | | |
| Siglingafélagið Sæfari | - | 50 | 50 | 50 | 50 | 50 | 112 |
| **Ungmennasamband Skagafjarðar** | | | | | | | |
| Siglingaklúbburinn Drangey | 66 | 97 | 97 | 97 | 97 | 97 | 97 |
| **Íþróttabandalag Akraness** | | | | | | | |
| Siglingafélagið Sigurfari | | | 11 | 44 | 35 | 69 | 52 |
| **Alls** | **1.295** | **1.475** | **1.398** | **1.672** | **1.809** | **1.938** | **1.617** |

Taflan segir til um iðkendatölu skv skýrsluskilum á vormánuðum 2021

Í töfluna vantar Siglingadeild Völsungs, Sjósportsklúbb Austurlands og Vog í Garðabæ, þar sem ekki eru til nein talnagögn fyrir þessi félög í Felix, félagaskrá ÍSÍ, fyrir þetta tímabil. Nýstofna félag Siglingfélagið Hafliði hefur eðli málisin samkvæmt ekki skilað gögnum fyrir tímabilið.

Siglingafélagið Knörr hefur verið endurvakið nú í vor og um leið og formleg aðild að ÍSÍ hefur verið samþykkt verður það fullgildur félagi í SÍL.

# Skýrsla Stjórnar

Siglingaþing var haldið 27. febrúar 2021 og þingforseti var Erlendur Kristjánsson, nýr formaður Siglingaklúbbsins Vogs í Garðabæ.

Stjórnarmenn sem tóku til starfa voru

Aðalsteinn Jens Loftsson - Formaður
Guðmundur Benediktsson -
Markús Pétursson - Gjaldkeri
Björn Heiðar Rúnarsson - Ritari
Jón Kristinn Þórsson -
Ríkharður Ólafsson -
Tim Suthers -
Ragnar Tryggvason -

Maríanna Ástmarsdóttir tók við framkvæmdastjóra stöðu SÍL í júlí. Maríanna er einka- og styrktarþjálfari að mennt, einnig lært viðburðastjórnun og hefur hún unnið innan ÍSÍ síðan 2019 og þekkir því umhverfið vel.

Einnig hefur SÍL notið liðsinni Úlfs Hróbjartssonar við ýmis verkefni og hefur reynsla hans og innsýn reynst stjórninni vel.

Tim Suthers sagði sig úr stjórn SÍL í júní.

Þrátt fyrir að starfið 2021 hafi litast af COVID-19 þá var margt spennandi sem gerðist á árinu.

SÍL stóð fyrir æfingabúðum sem haldnar voru á Húsavík dagana 27. júní - 1. júlí. 16 börn og unglingar tóku þátt í búðunum frá tveimur félögum, þrír þjálfarar og þrír sjálfboðaliðar. Voru fleiri skráðir á búðirnar en þurftu þau að hætta við vegna veikinda. Gengu búðirnar framar vonum og gengu allir glaðir frá borði.

Dagana 13-20. ágúst síðastliðin var haldið Þjálfaranámskeið í húsnæði Siglingafélagsins Ýmis í Kópavogi fyrir þjálfararéttindi 1 og 2 á kænum. Rob Holden kom frá Suður Afríku fyrir hönd World Sailing að kenna þátttakendum en tóku 15 aðilar þátt á námskeiðinu á aldursbilinu 15 til 58 ára. Gekk námskeiðið framar vonum og voru þátttakendur hæst ánægðir með kennsluna og er hugur manna að fá Rob aftur til landsins helst fyrr en síðar. Útfrá námskeiðinu var síðan stofnuð ákveðin þjálfaranefnd til að hafa utanumhald kennslustefnu þjálfara landins. Fékk Siglingasamband Íslands styrk frá Olympic Solidarity til að halda námskeiðið.

Fyrstu vetraræfingarbúðir Siglingasambands Íslands voru haldnar helgina 29-31. október í Siglingafélaginu Þyt í Hafnarfirði af þeim Ríkharði D. Ólafssyni frá Siglingasambandi Íslands, Ísabella S. Tryggvadóttir frá Siglingafélaginu Nökkva og yfirþjálfari námskeiðsins var Gunnar H. Úlfarsson frá Siglingafélaginu Brokey.
Markmið vetrarnámskeiða er að hvetja fólk til siglinga um veturna og lengja þannig siglingatímabilið. Tóku 13 manns þátt á námskeiðinu á aldrinum 10-16 ára en komu þau öll frá Siglingafélaginu Þyt. Iðkendur voru á breiðum skala í kunnáttu og voru allt frá byrjendum til

keppenda. Þetta var því mikil áskorun fyrir þjálfara en ákveðið var að blanda hópunum saman og setja þau á 2-3 manna báta þá Quest og Topper Topaz til að fá reyndari þátttakendur til að styðja við þau nýrri, en lærum við alltaf mest á því að kenna öðrum. Urðu miklar framfarir hjá hópnum og gengu þjálfarar jafnt og þátttakendur glaðir frá borði.

Tvær ungar konur voru samþykktar inn í Emerging Nations Program hjá World Sailing, Hólmfríður Gunnarsdóttir og Tara Markúsdóttir. Hólmfríður Gunnarsdóttir tók þátt á Heimsmeistaramót Unglinga á ILCA Radial (e. Youth World Championships) í Al Mussanah í Oman 11. til 18. Desember og stóð sig með mikilli prýði og lenti í 42. sæti af 46. Tveir þjálfarar voru samþykktir inn í Emerging Nations Programmi hjá World Sailing frá Íslandi, þau Gunnar Kristinn Óskarsson og Ísabella Sól Tryggvadóttir. Hafa þau aðallega verið í kennslu yfir internetið og að skila skýrslum til World Sailing. Ekki hefur verið neitt um verklega þjálfun hingað til vegna COVID19.
Markmið Emerging Nations Program er að styrkja smærri þjóðir til að bæta þjálfaramenntun og frammistöðu keppenda á alþjóðavísu, en einnig að minnka bilið á milli frammistöðu þjóða út frá fólksfjölda og fjármagni til ráðstöfunnar.

Í byrjun sumars fékk Siglingafélagið Sigurfari á Akranesi útbreiðslustyrk frá SÍL til að halda grunnþjálfunarkennslu fyrir nýtt starfsafl innan félagsins og námskeiðið var haldið í júní. SÍL styrkti verkefnið 300.000 kr.

Sigríður Ólafsdóttir er stofnandi Kvennasiglingar en tóku um 100 konur þátt í verkefninu heilt á litið. Farið af stað með verkefnið til þess að virkja konur til siglinga við Ísland, vekja athygli á heilbrigði hafsins og hvetja alla til ábyrgrar umgengni við hafið og auðlindir þess. Siglt var á 50 feta skútu umhverfis landið á þremur vikum með viðkomu í sjö höfnum. SÍL styrkti verkefnið 300.000 kr. Til að fræðast frekar um verkefnið má skoða vefsíðuna https://kvennasigling.is/

Mót ársins voru

- Kænur
    - Opnunarmót kæna
    - Afmælismót Brokey 50 ára (Miðsumarmót)
    - Æfingabúðamót
    - Íslandsmót
    - Akureyrarmót (Lokamót)
- Kjölbátar
    - Opnunarmót
    - Hátíð Hafsins
    - Afmælismót Brokey 50 ára (Miðsumarmót)
    - Faxaflóahafnir
    - Íslandsmót
    - Lokamót

# Skýrsla frá World Sailing

Árið 2021 var rólegt í siglingapólitíkinni en nóg var um að vera í keppnum í staðinn. Síðbúnir Ólympíuleikar voru haldnir í Tokíó og heppnuðust þeir vel í alla staði. Ekki tókst að halda neina raunfundi hjá Sambandinu vegna Covic 19 en ársþing sambandsins var haldið á netinu í október.  Nýr formaður er að fóta sig í hlutverkinu og stjórnin að finna sameiginlega fleti.  Samstarf norrænu sambandanna er enn sterkt og hefur fjarfundartækninn verið nýtt til að funda reglulega um ýmis málefni sem komið hafa upp.  Má þar meðal annars hugmyndir forseta WS um að koma upp skrifstofu fyrir sambandið í Kína upp á von og óvon um styrki frá þarlendum fyrirtækjum.  Á síðasta misseri hefur sambandið haldið áfram að leggja áherslu á aðgegni að íþróttinni þá sérstaklega að auka veg siglinga fatlaðra til að m.a. að komast aftur inn á Ólympíuleika fatlaðra í Los Angeles 2028.  Hefur WS meðal annars staðið fyrir samfélagsmiðal herferðinni BACK the Bid í því skyni.  Á síðasta ári hófst einnig framtakið “Steering the course” – sem má lauslega þýða sem “stefnan tekin” þar sem áherslan er lögð á konur í siglingum. Má þar nefna að siglinga Seiglanna umhverfis landið á síðast ári var eitt af fjölmörgum verkefnum sem tóku þátt í átakinu.  Þessu átaki verðu haldið áfram í ár og um að gera fyrir íslenskar siglingakonur að taka þátt í verkefninu.

Úlfur H. Hróbjartsson
Fulltrúi Norðurlanda og Eystrasaltsríkja í Council WS

# Úrslit 2021

## Kayak

Engar keppnir voru á keppniskrá

## Kænur

### Opnunarmót Ýmir

| Sæti | Bátur | Félag | Forgjöf | Áhöfn | K-1 | K-2 | K-3 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | ILCA 6 | Þytur | 1147 | Tara Ósk Markúsdóttir | 1 | 1 | 1 | 3 |
| **2** | ILCA 6 | Ýmir | 1147 | Haukur Birgisson | 5 | 3 | 2 | 10 |
| **3** | Europe | Ýmir | 1141 | Þorsteinn Aðalsteinsson | 3 | 4 | 4 | 11 |
| **4** | Wayferer | Þytur | 1102 | Markús Elvar Pétursson Tómas Ingi Victorsson | 4 | 5 | 3 | 12 |
| **5** | ILCA 4.7 | Brokey | 1208 | Kirill Zolotuskiy | 6 | 2 | 5 | 13 |
| **6** | ILCA 4.7 | Ýmir | 1208 | Elías Burgos | 7 | 6 | 6 | 19 |
| **7** | RS QUEST | Ýmir | 1110 | Sigríður Guðmunda Ólafsdóttir Sóley Raymondsdóttir | 2 | 9 | 9 | 20 |
| **8** | Optimist | Þytur | 1642 | Kjartan Christiansson | 8 | 9 | 9 | 26 |
| **9** | Optimist | Þytur | 1642 | Valtýr Leó Ólafsson | 9 | 9 | 9 | 27 |

### Miðsumarmót 50 ára afmæli Brokey

| **Sæti** | **Nafn** | **seglanúmer** | **Félag** | **K-1** | **K-2** | **K-3** | **K-4** | **Stig** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | Johannes Makrander | 325 | Þytur | 2 | 1 | 1 | 1 | 5 |
| **2** | Kjartan Christiansson | 322 | Þytur | 1 | 2 | 2 | 2 | 7 |
| **3** | Valtýr Leó Ólafsson | 326 | Þytur | 7 | 3 | 3 | 3 | 16 |
| **4** | Högni Halldórsson | 23 | Brokey | 4 | 4 | 4 | 4 | 16 |
| **5** | Hildur Karen Jónsdóttir | 324 | Þytur | 3 | 5 | 6 | 8 | 22 |
| **6** | Smári Hannesson | 321 | Þytur | 5 | 6 | 5 | 8 | 24 |
| **7** | Marek Ari Baumer | | Þytur | 6 | 8 | 8 | 8 | 30 |

| **Sæti** | **Bátur** | **Nafn** | **seglan.** | **Félag** | **K-1** | **K-2** | **K-3** | **K-4** | **Stig** |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | ILCA 6 | Tara Ósk Markúsdóttir | 30 | þytur | 4 | 3 | 1 | 1 | 9 |
| **2** | Aero 9 | Aðalsteinn Jens Loftsson | 3284 | Ýmir | 3 | 1 | 4 | 2 | 10 |
| **3** | ILCA 4 | Hrafnkell Stefán Hannesson | 111 | Brokey | 1 | 4 | 2 | 5 | 12 |
| **4** | ILCA 4 | Árni Friðrik Guðmundsson | 5 | Brokey | 2 | 5 | 3 | 3 | 13 |
| **5** | Aero 9 | Úlfur Helgi Hróbjartsson | | Brokey | 5 | 2 | 6 | 4 | 17 |
| **6** | Wayfarer | Markús Elvar Pétursson | | Þytur | 7 | 7 | 5 | 6 | 25 |
| **7** | ILCA 4 | Iða Ósk Gunnarsdóttir | 2040 | þytur | 6 | 6 | 8 | 8 | 28 |

# Íslandsmót Nökkvi

## Optimist A

| Sæti | Nafn | Félag | Seglan. | K-1 | K-2 | K-3 | K-4 | K-5 | K-6 | K-7 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Daníel Ernir Gunnarsson | Brokey | 115 | 1 | 1 | 1 | 3 | 1 | (6) | 2 | 9 |
| 2 | Högni Halldórsson | Brokey | 23 | 4 | 3 | (7) | 1 | 2 | 3 | 1 | 14 |
| 3 | Noe Schwoerer | Nökkvi | 88 | (5) | 2 | 2 | 4 | 3 | 1 | 5 | 17 |
| 4 | Johannes Macrander | Þytur | 325 | (7) | 6 | 5 | 2 | 4 | 2 | 3 | 22 |
| 5 | Valtýr leó Ólafsson | Þytur | 326 | 2 | 5 | 3 | 6 | (7) | 5 | 7 | 28 |
| 6 | Marek Ari Baeumer | Þytur | 320 | 3 | 4 | (8) | 5 | 5 | 8 | 8 | 33 |
| 7 | Stefnir Húmi Gunnarsson | Þytur | 323 | 8 | 7 | 4 | (8) | 6 | 4 | 6 | 35 |
| 8 | Vésteinn Gunnarsson | Brokey | 69 | 6 | (8) | 6 | 7 | 8 | 7 | 4 | 38 |

## Optimist B

| Sæti | Nafn | Félag | Seglan. | K-1 | K-2 | K-3 | K-4 | K-5 | K-6 | K-7 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Alegra Schwoerer | Nökkvi | 80 | 2 | 1 | 1 | 2 | (3) | 1 | 1 | 8 |
| 2 | Gísli Valberg Jóhannsson | Nökkvi | 689 | 1 | 2 | (6) | 3 | 1 | 3 | 2 | 12 |
| 3 | Lára Rún Keel Kristjánsdóttir | Nökkvi | 7989 | (3) | 3 | 2 | 1 | 2 | 2 | 3 | 13 |
| 4 | Veronica Sif Elertsdóttir | Þyrtur | 324 | 4 | (6) | 6 | 4 | 5 | 4 | 4 | 27 |
| 5 | Margrét Þórhildur Victorsdóttir | Þytur | 322 | (6) | 6 | 6 | 5 | 4 | 6 | 6 | 33 |
| 6 | Saga Ljós Sigurðardóttir | Þytur | 321 | 5 | (6) | 6 | 6 | 6 | 6 | 6 | 35 |

## RS Tera

| sæti | Nafn | Félag | Seglan. | K-1 | K-2 | K-3 | K-4 | K-5 | K-6 | K-7 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Þórhildur Lilja Einarsdóttir | Nökkvi | 3846 | 2 | (6) | 6 | 1 | 1 | 1 | 2 | 13 |
| 2 | Magdalena Sulova | Nökkvi | 3841 | 1 | 2 | 1 | 2 | (4) | 4 | 3 | 13 |
| 3 | Ragnheiður Inga Matthíasdóttir | Nökkvi | 3843 | 3 | 3 | 2 | 4 | (5) | 3 | 1 | 16 |
| 4 | Kveldúlfur Snjóki Magrétarson Gunnarson | Nökkvi | 3853 | 4 | 1 | 3 | 3 | (6) | 2 | 4 | 17 |
| 5 | Rósalind Gurrý Þorgeirsdóttir | Nökkvi | 3847 | 5 | 4 | 4 | (6) | 3 | 5 | 5 | 26 |
| 6 | Alexander Ási Cabrera | Nökkvi | 3852 | (6) | 6 | 6 | 5 | 2 | 6 | 6 | 31 |

ILCA 4 (áður Laser 4,7)

| sæti | Nafn | Félag | Seglan. | K-1 | K-2 | K-3 | K-4 | K-5 | K-6 | K-7 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Hrafnkell Stefán Hannesson | Brokey | 1 | (1) | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 6 |
| 2 | Hjalti Björn Bjarnason | Brokey | 7 | 4 | (5) | 2 | 5 | 3 | 2 | 2 | 18 |
| 3 | Iða Ósk Gunnarsdóttir | Þytur | 2040 | 2 | 3 | 3 | 2 | 5 | (6) | 5 | 20 |
| 4 | Smári Hannesson | Þytur | 9999 | 5 | 4 | (6) | 3 | 4 | 3 | 3 | 22 |
| 5 | Hildur Karen Jónsdóttir | Þytur | 3737 | 3 | 2 | 5 | (7) | 2 | 5 | 6 | 23 |
| 6 | Úlfhildur Lokbrá Friðriksdóttir | Þytur | 1033 | 6 | 6 | 4 | 6 | 6 | (7) | 4 | 32 |
| 7 | Örn Marínó Árnason | Nökkvi | 5 | (7) | 7 | 7 | 4 | 7 | 4 | 7 | 36 |

ILCA 6 (áður Laser Radial)

| sæti | Nafn | Félag | Seglan. | K-1 | K-2 | K-3 | K-4 | K-5 | K-6 | K-7 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Þorlákur Sigurðsson | Nökkvi | 250495 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | (2) | 1 | 6 |
| 2 | Daði Jón Hilmarsson | Nökkvi | GBR 182523 | (8) | 3 | 3 | 2 | 2 | 1 | 2 | 13 |
| 3 | Tara Ósk Markústóttir | Þytur | 581330 | (8) | 2 | 2 | 3 | 5 | 4 | 5 | 21 |
| 4 | Sigurður Haukur Birgisson | Ýmir | 209975 | 4 | 5 | (6) | 4 | 4 | 3 | 4 | 24 |
| 5 | Árni Friðrik Guðmundsson | Brokey | 112 | 6 | (7) | 5 | 5 | 3 | 5 | 3 | 27 |
| 6 | Þór Örn Flygenring | Brokey | 197660 | 5 | (6) | 4 | 6 | 6 | 6 | 6 | 33 |
| 7 | Hólmfríður Kolbrún Gunnarsdóttir | Brokey | 111 | 2 | 4 | (8) | 8 | 8 | 8 | 8 | 38 |
| 8 | Ísabella Sól Tryggvadóttir | Nökkvi | 8 | 3 | (8) | 8 | 8 | 8 | 8 | 8 | 43 |

Opinn flokkur

| sæti | Nafn | Félag | Bátur | K-1 | K-2 | K-3 | K-4 | K-5 | K-6 | K-7 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Aðalsteinn Jens Loftsson | Ýmir | RS Aero 9 | (1) | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 1 | 6 |
| 2 | Mahaut/Snædís | Nökkvi | RS FEVA | (2) | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 2 | 12 |

## Lokamót Nökkvi

### ILCA 6 (áður Laser Radial)

| Sæti | Nafn | Félag | Seglan. | K-1 | K-2 | K-3 | K-4 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Þorlákur Sigurðsson | Nökkvi | 250495 | 1 | 1 | 1 | 1 | 4 |
| 2 | Tara Ósk Markústóttir | Þytur | 581330 | 2 | 2 | 3 | 2 | 9 |
| 3 | Sigurður Haukur Birgisson | Ýmir | 209975 | 3 | 3 | 2 | 3 | 11 |
| 4 | Árni Friðrik Guðmundsson | Brokey | 112 | 4 | 4 | 4 | 4 | 16 |
| 5 | Hólmfríður Kolbrún Gunnarsdóttir | Brokey | 111 | DNF | DNS | DNS | DNS | |

### ILCA 4 (áður Laser 4,7)

| Sæti | Nafn | Félag | Seglan. | K-1 | K-2 | K-3 | K-4 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Iða | Þytur | 2040 | 1 | 1 | 2 | 1 | 5 |
| 2 | Elías J. Burgos | Ýmir | 8 | 2 | 2 | 1 | 2 | 7 |

### Optimist

| Sæti | Nafn | Félag | Seglan. | K-1 | K-2 | K-3 | K-4 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Valtýr leó Ólafsson | Þytur | 326 | 1 | 1 | 1 | | 3 |
| 2 | Marek Ari Baeumer | Þytur | 321 | 3 | 2 | 2 | | 7 |
| 3 | Gísli Valberg Jóhannsson | Nökkvi | 689 | 2 | 3 | 3 | | 8 |
| 4 | Veronica Sif Elertsdóttir | Þyrtur | 327 | 4 | 4 | 4 | | 12 |
| 5 | Rán | Þytur | 322 | 5 | 5 | 5 | | 15 |
| 6 | Lára Rún Keel Kristjánsdóttir | Nökkvi | 7989 | DNS | DNS | DNS | | |
| 7 | Margrét Þórhildur Victorsdóttir | Þytur | 322 | DNF | DNF | DNS | | |
| 8 | Valentín | Þytur | 321 | DNF | | | | |

### RS TERA

| Sæti | Nafn | Félag | Seglan. | K-1 | K-2 | K-3 | K-4 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Magdalena Sulova | Nökkvi | 3841 | 1 | 2 | | | 3 |
| 2 | Ragnheiður Inga Matthíasdóttir | Nökkvi | 3843 | 3 | 1 | | | 4 |
| 3 | Kveldúlfur Snjóki Maergrétarson Gunnarson | Nökkvi | 3853 | 2 | 3 | | | 5 |
| 4 | Alexander Ási Cabrera | Nökkvi | 3852 | DNS | DNS | | | |
| 5 | Rósalind Gurrý Þorgeirsdóttir | Nökkvi | 3847 | DNS | DNS | | | |

### RS FEVA

| Sæti | Nafn | Félag | Seglan. | K-1 | K-2 | K-3 | K-4 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Mahaut/Kara | Nökkvi | 115 | 1 | 1 | 1 | | 3 |
| 2 | Örn/Elísabet | Nökkvi | 117 | 2 | 2 | 3 | | 7 |
| 3 | Zimek/Þjóðann | Nökkvi | 113 | 3 | DNS | DNS | | 11 |

## Opinn flokkur

| Sæti | Nafn | Félag | Seglan. | K-1 | K-2 | K-3 | K-4 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Björn Heiðar Rúnarsson | Nökkvi | 162638 | 2 | 1 | 1 | 1 | 5 |
| 2 | Hörður Finnbogason | Nökkvi | 192530 | 1 | 2 | 2 | 3 | 8 |
| 3 | Aðalstein Jens Loftsson | Ýmir(Aero) | 3530 | 3 | 3 | 3 | 2 | 11 |

## Áramót Ýmir

Féll niður vegna COVID-19

# Kjölbátar

## Opnunarmót Þytur.

| Stig | Bátur | Skipstjóri | Forgjöf | Tími | Leiðréttur tími |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Sigurborg | Smári Smárason | 0,924 | 02:21:10 | 02:10:26 |
| 2 | Ísamolinn | Gunnar Geir Haldórsson | 0,975 | 02:14:19 | 02:10:58 |
| 3 | Íris | Aron Árnason | 0,888 | 02:30:11 | 02:13:22 |
| 4 | Dögun | Þórarinn Stefánsson | 0,839 | 02:41:53 | 02:15:49 |
| 5 | Sif | Ólafur Bjarnason | 0,939 | 02:28:52 | 02:19:47 |
| | Besta | Baldvin Björgvinsson | | DNS | |

## Hátíð hafsins Brokey

| Sæti | Bátur | Skipstjóri | Forgjöf 2021 | Sigldur tími | Leiðréttur tími |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Ísamolinn | Gunnar Geir Haldórsson | 0,975 | 01:19:31 | 01:17:32 |
| 2 | Íris | Aron Árnason | 0,888 | 01:30:09 | 01:20:03 |
| 3 | Dögun | Þórarinn Stefánsson | 0,839 | 01:35:57 | 01:20:30 |
| 4 | Sigurborg | Jóhannes Sveinsson | 0,924 | 01:28:34 | 01:21:50 |
| 5 | Sigurvon | | 0,939 | 01:34:51 | 01:29:04 |
| 6 | Besta | Ólafur Már Ólafsson | 0,94 | DNF | DNF |

## Afmælismót Brokey 50 ára

| Sæti | Bátur | Skipstjóri | Forgjöf 2021 | Sigldur tími | Leiðréttur tími |
|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Ísamolinn | Gunnar Geir Haldórsson | 0,975 | 01:34:46 | 01:32:24 |
| 2 | Íris | Aron Árnason | 0,888 | 01:48:00 | 01:35:54 |
| 3 | Dögun | Þórarinn Stefánsson | 0,839 | 02:02:40 | 01:42:55 |

## Faxaflóahafnir Brokey

| Sæti | Bátur | Skipstjóri | Forgjöf | K-1 | K-2 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|
| 1 | Ísamolinn | Gunnar Geir Haldórsson | 0,975 | 2 | 1 | 3 |
| 2 | Gulla Granna | Jón Ólafsson | 0,939 | 1 | 3 | 4 |
| 3 | Sigurborg | Hannes Sveinbjörnsson | 0,924 | 3 | 2 | 5 |
| 4-5 | Sigurvon | Arnar Jónsson | 0,939 | 5 | 4 | 9 |
| 4-5 | Besta | Baldvin Björgvinsson | 0,940 | 4 | 5 | 9 |
| 6 | Ásdís | Árni Hilmarsson | 0,821 | 6 | 6 | 12 |

## Íslandsmót

| Sæti | Nafn | Skipstjóri | Félag | K-1 | K-2 | K-3 | K-4 | K-5 | K-6 | K-7 | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | Íris | Aron Árnason | Brokey | 2 | (3) | 2 | 2 | 1 | 1 | 1 | 9 |
| **2** | Besta | Baldvin Björgvinsson | Brokey | 1 | 4 | 1 | 1 | 2 | 4 | 3 | 12 |
| **3** | Sigurborg | Hannes Sveinbjörnsson | Ýmir | 3 | (5) | 3 | 3 | 3 | 3 | 5 | 20 |
| **4** | Ísmolinn | Gunnar Geir Halldórsson | Hafliði | (7) | 1 | 5 | 5 | 6 | 2 | 4 | 23 |
| **5** | Dögun | Þórarinn Stefánsson | Brokey | 5 | (6) | 4 | 4 | 4 | 5 | 2 | 24 |
| **6** | Gulla Granna | Jón Ólafsson | Brokey | (8) | 2 | 8 | 8 | 5 | 7 | 6 | 36 |
| **7** | Sigurvon | Arnar Freyr Jónsson | Brokey | 6 | (8) | 7 | 7 | 7 | 6 | 7 | 40 |
| **8** | Sif | Ólafur Bjarnason | Ýmir | 4 | 7 | 6 | 6 | (9) | 9 | 9 | 41 |
| | Borgin | Gunnar Ólafur Haraldsson | Brokey | | | | | | | | |

## Lokamót Ýmir

| sæti | Bátur | Skipstjóri | Forgjöf | Sigldur tími | umreiknað |
|---|---|---|---|---|---|
| **1** | DÖGUN | | 0,839 | 1:46:11 | 1:29:05 |
| **2** | SIGURBORG | | 0,924 | 1:37:07 | 1:29:44 |
| **3** | BESTA | | 0,94 | 1:35:34 | 1:29:50 |
| **4** | GULLA GRANNA | | 0,939 | 1:35:46 | 1:29:55 |
| **5** | ÍRIS | | 0,888 | 1:41:26 | 1:30:04 |
| **6** | ÍSMOLINN | | 0,975 | 1:34:19 | 1:31:58 |
| **7** | SIF | | 0,939 | 1:38:30 | 1:32:29 |
| **8** | SIGURVON | | 0,939 | 1:39:29 | 1:33:25 |

## Íslandsbikar

| Sæti | Bátur | Félag | Opnunar-mót | Hátíð hafsins | Faxaflóa-mót | Lokamót | mbl mótaröðin | Stig |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| **1** | Sigurborg | Ýmir | 1 | (4) | 3 | 2 | 2 | 8 |
| **2** | Ísmolinn | Hafliði | 2 | 1 | 1 | (6) | 6 | 10 |
| **3** | Iris | Brokey | 3 | 2 | (7) | 5 | 1 | 11 |
| **4** | Dögun | Brokey | 4 | 3 | (7) | 1 | 3 | 11 |
| **5** | Gulla Granna | Brokey | 4 | (7) | 2 | 4 | 7 | 17 |
| **6** | Besta | Brokey | (6) | 6 | 5 | 3 | 4 | 18 |
| **7** | Sif | Ýmir | 5 | (7) | 1 | 7 | 5 | 18 |
| **8** | Sigurvon | Brokey | 7 | 5 | 4 | 8 | (11) | 24 |
| **9** | Borgin | Brokey | 7 | 7 | 7 | (9) | 8 | 29 |
| **10** | Ásdís | Ýmir | 7 | 7 | 6 | 9 | (10) | 29 |
| **11** | Ögrun | Brokey | 7 | 7 | 7 | 9 | (9) | 30 |
| **12** | Stella | Brokey | 7 | 7 | 7 | 9 | (12) | 30 |

# Lög SÍL

## Lög Siglingasambands Íslands (SÍL)

## 1. Skipulag

1.1 Sambandið heitir Siglingasamband Íslands skammstafað SÍL.

Það er æðsti aðili innan Íþrótta- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) um alla þætti siglinga og málefnum þeim tengdum.

1.2 Heimili og varnarþing Siglingasambandsins er í Reykjavík.

1.3 Öll félög innan ÍSÍ sem leggja stund á siglingar undir seglum, árum, drekum eða vélarafli, eru aðilar að SÍL, með aðild að hlutaðeigandi héraðssambandi eða íþróttabandalagi.

1.4 Tilgangur og markmið.

Auk hefðbundinnar keppni, æfinga og þjálfunar til líkamlegrar heilsuræktar, samanber lög ÍSÍ, er það í verkahring SÍL að sinna hagsmunamálum sem tengjast siglingum svo sem á sviði fræðslu-, réttinda-, öryggis-, samgöngu-, ferða og umhverfismála.

Önnur markmið eru:

- Að hafa yfirstjórn og vinna að eflingu siglinga m.a. með fræðslu, útbreiðslu- og kynningarstarfsemi.
- Að vera málsvari siglingamanna jafnt innanlands sem erlendis.
- Að koma fram fyrir hönd siglinga gagnvart opinberum aðilum.
- Að þýða alþjóðlegar kappsiglingareglur og gefa út.
- Að setja nauðsynlegar reglur, löggilda dómara og keppnisstjóra, ráðstafa landsmótum og staðfesta met.
- Efla siglingar sem tómstunda- og almenningsíþrótt.

## 2. Stjórnun

2.1 Siglingasambandi Íslands er stjórnað af

a) Siglingaþingi

b) Stjórn SÍL

2.2 Reikningar SÍL skulu endurskoðaðir ár hvert af félagslegum skoðunarmönnum reikninga sem siglingaþing kýs árlega til eins árs í senn. Félagslegir skoðunarmenn reikninga mega ekki sinna öðrum störfum fyrir SÍL sem snerta fjármál. Þeir bera ábyrgð gagnvart siglingaþingi og skulu þeir eiga greiðan aðgang að öllu bókhaldi SÍL og er stjórninni skylt að veita þeim allar nauðsynlegar upplýsingar um fjármál og reikningshald þess. Felli siglingaþing framlagða reikninga fer fram yfirskoðun eftir reglum sem þingið setur. Að þeirri yfirskoðun lokinni skal boðað til aukaþings (sbr. lið 5) sem tekur nánari ákvörðun um reikninga.

## 3. Siglingaþing

3.1 Siglingaþing fer með æðsta vald í málefnum SÍL.

3.2 Siglingaþing sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda SÍL.

3.3 Þrír fulltrúar koma frá hverju aðildarfélagi innan hvers héraðssambands eða íþróttabandalags.

3.4 Þingið skal haldið í febrúar ár hvert. Skal þingið auglýst eða boðað til þess bréflega eða með tölvupósti með 5 vikna fyrirvara og ítrekað síðar. Stjórn SÍL ákveður fundarstað.

3.5 Tillögur um lagabreytingar og málefni sem sambandsaðilar óska eftir að tekin verði fyrir á þinginu, skal tilkynna stjórn SÍL, bréflega eða með tölvupósti minnst 3 vikum fyrir þingið.

3.6 Eigi síðar en 2 vikum fyrir siglingaþing skal senda héraðssamböndum/ íþróttabandalögum og aðildarfélögum fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir þingið.

3.7. Fastanefndir SÍL starfa á milli þinga og tveim vikum fyrir Siglingaþing skal nefndarmönnum vera sendar tillögur sem liggja fyrir þinginu. Formaður nefndar kallar saman nefndina til að fara yfir tillögur og l eggja fram álit á
siglingaþingi. Fundir nefndanna mega vera rafrænir og opnir fyrir áheyrendur. (Bætt við á 48. Siglingaþingi)

3.8 Siglingaþing er lögmætt ef löglega hefur verið til þess boðað.

3.9 Á siglingaþingi hafa fulltrúar einir atkvæðisrétt, en rétt til setu á siglingaþingi með málfrelsi og tillögurétt hafa:

a. stjórn SÍL
b. heiðursformaður og heiðursfélagar
c. fulltrúi héraðssambands/íþróttabandalags sem hefur siglingar innan sinna vébanda
d. framkvæmdastjórn ÍSÍ
e. fastráðnir starfsmenn SÍL og ÍSÍ
f. allir nefndarmenn SÍL
g. fulltrúi ráðuneytis íþróttamála auk þess getur stjórnin boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

3.10 Aðeins sá sem er í félagi, sem iðkar siglingar og er innan sérráðs eða héraðssambands/ íþróttabandalags er kjörgengur fulltrúi þess á siglingaþingið.

3.11 Allir fulltrúar skulu vera tilgreindir á kjörbréfi frá viðkomandi sambandsaðila og skal kjörbréfum skilað inn til stjórnarinar eigi síðar en einni viku fyrir siglingaþing.

3.12 Einfaldur meirihluti atkvæða ræður úrslitum mála nema annað segi í lögum þessum um tiltekin mál eða málaflokka. Enginn fulltrúi getur farið með fleiri en 3 atkvæði og þá eingöngu fyrir þann aðila sérráðs eða sambands/ bandalags sem hann er fulltrúi fyrir á þinginu.

## 4. Dagskrá siglingaþings

4.1.1. Formaður setur þing.

2. Kosning 3 manna kjörbréfanefndar

3. Kjörinn þingforseti.

4. Kjörnir 1. og 2. þingritari

5. Ávörp gesta

6. Álit kjörbréfanefndar lagt fram og samþykktar

~~7. Kosning fastanefnda~~

~~a) Fjárhagsnefnd 3 manna~~

~~b) Laga og leikreglnanefnd 3 manna (vantar nefnd~~

8. Lögð fram skýrsla stjórnar

9. Lagður fram til samþykktar endurskoðaður rekstrar og efnahagsreikningur liðins árs af félagslega kjörnum skoðendum reikninga félagsins.

10. Umræður um skýrslu stjórnar

11. Umræður um og samþykkt reikninga

12. Lögð fram fjárhagsáætlun fyrir næsta fjárhagsár

13. Lagabreytingatillögur

14. Aðrar tillögur sem kynntar voru í fundarboði

15. Önnur mál: Teknar fyrir tillögur og önnur mál sem lögð hafa verið fyrir þingið

16. Tillögur fjárhagsnefndar

17. Kosningar

a) Stjórn og varastjórn sbr 6 gr.

b) Kosning fastanefnda (Breyting gerð á 48 Siglingaþingi) (Stjórn SÍL á komandi ári þurfi að finna og skilgreina hlutverk þessara nefnda sem verði lagt fyrir SÍLÞING 2022)
i) Fjárhagsnefnd 3 manna
ii) Laga- og leikreglnanefnd 3 manna
iii) Mótanefnd 3 manna

c) Tveir félagslega kjörnir skoðunarmenn reikninga (sbr. lið 2.2).

d) Fulltrúa á íþróttaþing í samræmi við reglur ÍSÍ

18. Þingslit

19. Allar kosningar gilda fram að kosningu á næsta siglingaþingi. Þær skulu vera skriflegar nema aðeins sé stungið upp á jafnmörgum og kjósa skal

4.2 Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa heimilað að tekið sé fyrir mál sem fram kemur eftir að dagskrá þingsins hefur verið send sambandsaðilum SÍL.

4.3 Árskýrsla SÍL, sem stjórnin skal leggja fyrir þingið, svo og ágrip af fundargerðum þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum SÍL, innan tveggja mánaða frá þingslitum.

## 5. Aukaþing

5.1 Aukaþing skal kalla saman með a.m.k. 3 vikna fyrirvara.

a) Eftir ákvörðun siglingaþings

b) Þegar a.m.k. ½ sambandsaðila óskar þess.

c) Að frumkvæði stjórnar SÍL

5.2 Tillögur um málefni sem óskast tekin fyrir á aukaþingi skulu hafa borist stjórn SÍL minnst 14 dögum fyrir þingsetningu.

5.3 Eigi síðar en 6 dögum fyrir aukaþing skal senda aðilum dagskrá þingsins.

5.4 Á aukaþingi má ekki gera lagabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin að eigin dómi orðið óstarfhæf.

5.5 Að öðru leiti gilda sömu reglur og um reglulegt siglingaþing.

## 6. Stjórn SÍL og nefndir

6.1 Í stjórn SÍL eiga sæti.:

a) 5 menn.

Kosning fari þannig fram;

1 formaður

4 meðstjórnendur

3 varamenn

Fái fleiri en þeir sem kjósa á jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir ræður hlutkesti.

b) Stjórn kýs varaformann, ritara og gjaldkera úr sínum hópi.

c) Varamenn taki sæti í stjórn í þeirri röð sem atkvæðamagn segir til um. Verði varamenn sjálfkjörnir taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir voru tilnefndir.

d) Ef formaður hættir á kjörtímabilinu tekur varaformaður sæti hans.

6.2 Stjórnin heldur fundi eigi sjaldnar en annanhvern mánuð. Formaður SÍL boðar stjórnarfundi og stýrir þeim.

6.3 Stjórninni er heimilt að ráða launað starfsfólk.

6.4 Aðsetur stjórnarinnar er í Reykjavík.

6.5 Nefndir kosnar á Siglingaþingi starfa fram að kosningu á næsta þingi og geta verið ráðgefandi fyrir stjórn SÍL. Fyrir þing skulu þær fara yfir þær tillögur sem l iggja fyrir þinginu og gefa álit á þeim tillögum. (bætt við á 48 Siglingaþingi)

## 7. Starf stjórnar

7.1 Starf stjórnar SÍL er m.a.;

a) Að framkvæma ályktanir siglingaþings

b) Að annast rekstur sambandsins.

c) Að vinna að eflingu siglinga.

d) Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur og tilkynningar.

e) Að líta eftir því að lög og leikreglur SÍL séu haldnar.

f) Að setja nauðsynleg bráðabirgðaákvæði.

g) Að ráðstafa þeim styrkjum sem SÍL fær til umráða.

h) Að koma fram erlendis fyrir hönd SÍL.

i) Að sjá útgáfumál SÍL.

7.2 Stjórn SÍL skal gæta þess að formannafundir séu haldnir amk einu sinni á hverju sex mánaða tímabili. (Breyting gerð á 48. Siglingaþingi)

## 8. Sérráð

8.1 Siglinga- og róðrarsérráðin (héraðssamböndin) eru milliliðir milli félaga sinna og stjórnar SÍL. Í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd skal SÍL vinna að stofnun sérráða.

8.4 Stjórn SÍL hefur frjálsan aðgang að öllum siglingamótum og sýningum sem fram fara innan vébanda SÍL. Einnig á hún rétt á að sitja aðalfundi sérráða, Dómarafélaga og héraðssambanda sem eru aðilar að sambandinu.

## 9. Ýmis ákvæði

9.1 Merki SÍL: merki siglingasambandsins er hvítt stórsegl og ár á bláum grunni.

9.2 Heiðursformann SÍL má kjósa á siglingaþingi, ef 4/5 mættra fulltrúa samþykkja kjörið.

9.3 Heiðursformaður SÍL kemur fram fyrir hönd sambandsins, þegar stjórn þess eða formaður kunna að óska og fela honum það.

9.4 Heiðursfélaga SÍL má kjósa á siglingaþingi.

9.5 Heiðursfélagar hafa rétt til setu á siglingaþingum með málfrelsi og tillögurétt.

## 10. Slit SÍL

10.1 Tillögur um að leggja SÍL niður má aðeins taka fyrir á lögmætu siglingaþingi. Til þess að samþykkja slíka tillögu þarf minnst ¾ hluta atkvæða.

10.2 Hafi slík tillaga verið samþykkt skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan látin ganga til næsta reglulegs þings. Verði tillagan þá samþykkt aftur er það fullgild ákvörðun um að leggja SÍL niður.

10.3 Ráðstöfun eigna: Sé SÍL þannig löglega slitið, skal afhenda ÍSÍ eignir SÍL til varðveislu.Þar til annað siglingasamband verður stofnað og skulu þá eignir gamla SÍL renna til þess óskertar.

10.4 Lagabreytingar: lögum þessum verður ekki breytt nema á siglingaþingi og þá aðeins með 2/3 hlutum greiddra atkvæða.

Lög þessi voru samþykkt á 40. Siglingaþingi 23. febrúar 2013,

með breytingum samþykktum á 41. Siglingaþingi 22. febrúar 2014,

með breytingum samþykktum á 45. Siglingaþingi 17. febrúar 2018.

með breytingum samþykktum á 48. Siglingaþingi 27. febrúar 2021

# Reikningar 2021

## SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

### REKSTRARREIKNINGUR ÁRSINS 2021

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **Rekstrartekjur :** | | | |
| Tekjur | 4 | 18.718.365 | 7.467.509 |
| **Rekstrartekjur samtals** | | 18.718.365 | 7.467.509 |
| **Rekstrargjöld:** | | | |
| Laun og launatengd gjöld | 5 | 1.523.477 | 0 |
| Skrifstofu- og stjórnunarkostnaður | 6 | 762.937 | 550.286 |
| Annar rekstarkostnaður | 7 | 4.766.641 | 2.371.605 |
| Fyrningar | | 1.024.460 | 188.189 |
| **Rekstrargjöld samtals** | | 8.077.515 | 3.110.080 |
| **Hagnaður fyrir fjármunatekjur og fjármagnagjöld** | | 10.640.850 | 4.357.429 |
| Fjármunatekjur og fjármagnsgjöld: | | | |
| Vaxtatekjur | | 25.513 | 12.178 |
| Vaxtagjöld og fjármagnstekjuskattur | | -10.103 | -11.140 |
| **Samtals** | | 15.410 | 1.038 |
| **Hagnaður ársins** | | 10.656.260 | 4.358.467 |

# EFNAHAGSREIKNINGUR 31. DESEMBER 2021

| | Skýr. | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **EIGNIR** | | | |
| **Fastafjármunir:** | | | |
| Varanlegir rekstrarfjármunir: | | | |
| Áhöld og tæki | | 1.024.460 | 2.048.920 |
| | | 1.024.460 | 2.048.920 |
| **Veltufjármunir:** | | | |
| Skammtímakröfur: | | | |
| Viðskiptakröfur | | 3.110.196 | 970.927 |
| Aðrar viðskiptakröfur | | 5.613 | 0 |
| Handbært fé: | | | |
| Bankareikningar | | 18.240.316 | 9.584.469 |
| **Veltufjármunir samtals** | | 21.356.125 | 10.555.396 |
| **Eignir alls** | | 22.380.585 | 12.604.316 |
| **SKULDIR OG EIGIÐ FÉ:** | | | |
| **Eigið fé.** | | | |
| Óráðstafað eigið fé | 3 | 21.800.478 | 11.144.218 |
| **Eigið fé samtals** | | 21.800.478 | 11.144.218 |
| **Skuldir.** | | | |
| Skammtímaskuldir: | | | |
| Lánadrottnar | 8 | 345.387 | 1.460.098 |
| **Skammtímaskuldir samtals** | | 580.107 | 1.460.098 |
| **Skuldir samtals** | | 580.107 | 1.460.098 |
| **Skuldir og eigið fé alls** | | 22.380.585 | 12.604.316 |

SIGLINGASAMBAND ÍSLANDS

# SJÓÐSTREYMI ÁRIÐ 2021

## HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI:

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Hagnaður samkvæmt rekstrarreikningi: | | |
| Hagnaður (-tap) ársins | 10.656.260 | 4.358.467 |
| Rekstrarliðir sem ekki hafa áhrif á hreint veltufé:: | | |
| Afskriftir fastafjármuna | 1.024.460 | 188.189 |
| **VELTUFÉ FRÁ REKSTRI ALLS** | 11.680.720 | 4.546.656 |
| Breytingar rekstrartengdra eigna- og skuldaliða: | | |
| Skammtímakröfur, (-hækkun) lækkun | -2.144.882 | 486.830 |
| Skammtímaskuldir, hækkun (-lækkun) | -879.991 | 630.492 |
| | -3.024.873 | 1.117.322 |
| **HANDBÆRT FÉ FRÁ REKSTRI ALLS** | 8.655.847 | 5.663.978 |

## FJÁRFESTINGARHREYFINGAR

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| Keyptir rekstrarfjármunir | 0 | 0 |
| **FJÁRFESTINGARHREYFINGAR ALLS** | 0 | 0 |

## FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR

| | 2021 | 2020 |
|---|---|---|
| **FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR ALLS** | 0 | 0 |
| **HÆKKUN (-LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ** | 8.655.847 | 5.663.978 |
| Handbært fé í ársbyrjun | 9.584.469 | 3.920.491 |
| **HANDBÆRT FÉ 31.12. 2021** | 18.240.316 | 9.584.469 |

# SKÝRINGAR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2021

## 1. REIKNINGSKILAAÐFERÐIR

Ársreikningurinn er gerður samkvæmt lögum um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga.

Áhrif almennra verðlagsbreytinga á rekstur og stöðu félagsins eru reiknaðar og færðar í ársreikninginn á eftirfarandi hátt.

a) Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru uppfærðar miðað við gengi viðkomandi gjaldmiðla eins og það var skráð 31. desember 2021. Einnig eru eignir og skuldir háðar vísitölu uppfærðar miðað við janúarvísitölu 2022. Gengismunur og verðbætur eru færðar í rekstrarreikning.

## 2. SKATTAMÁL

Félagið er ekki tekjuskattsskylt og því reiknast ekki tekjuskattur vegna ársins.

## 3. EIGIÐ FÉ

Yfirlit yfir breytingar á eiginfjárreikningum 2020.

| | Annað eigið fé | Samtals 31.des.21 |
|---|---|---|
| Yfirfært frá fyrra ári | 11.144.218 | 11.144.218 |
| Hagnaður ársins 2021 | 10.656.260 | 10.656.260 |
| | 21.800.478 | 21.800.478 |

# SUNDURLIÐANIR MEÐ ÁRSREIKNINGI 2021

| | | 2021 | 2020 |
|---|---|---|---|
| **4.** | **SALA** | | |
| | Íþrótta og olympíusamband Íslands | 9.163.879 | 2.897.448 |
| | ÍSÍ Lottó | 4.651.205 | 4.422.805 |
| | ÍSÍ Afreksstyrkir | 1.800.000 | 0 |
| | Styrkur frá stjórnvöldum | 2.789.352 | 0 |
| | Þátttökugjöld | 52.500 | 0 |
| | IRC-forgjafir | 261.429 | 147.256 |
| | **SALA ALLS** | 18.718.365 | 7.467.509 |
| **5.** | **LAUN OG TENGD GJÖLD** | | |
| | Laun | 1.248.000 | 0 |
| | Lífeyrissjóðs, orlofs og sjúkrasjóðsgjöld | 189.072 | 0 |
| | Tryggingagjald | 86.405 | 0 |
| | **LAUN OG TENGD GJÖLD ALLS** | 1.523.477 | 0 |
| **6.** | **SKRIFSTOFU- OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR** | | |
| | Bókhaldskostnaður | 182.067 | 41.340 |
| | Síma og internetskostnaður | 52.380 | 41.979 |
| | Tölvu og kerfisfra | 56.947 | 11.459 |
| | Leiga á skrifstofu og skrifstofukostn | 470.844 | 448.383 |
| | Pappír, prentun og ritföng | 699 | 7.125 |
| | **SKRIFSTOFU OG STJÓRNUNARKOSTNAÐUR ALLS** | 762.937 | 550.286 |
| **7.** | **ANNAR KOSTNAÐUR** | | |
| | Verktakar | 2.191.500 | 1.801.668 |
| | Námskeið, æfingabúðir og keppnir | 2.157.517 | 133.660 |
| | Fundir innanlands | 36.482 | 80.800 |
| | Félags og aðildargjald | 352.711 | 355.477 |
| | Tryggingar | 28.431 | 0 |
| | **ANNAR KOSTNAÐUR ALLS** | 4.766.641 | 2.371.605 |
| **8.** | **AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR** | | |
| | Ógreidd laun | 218.720 | 0 |
| | Lífeyrissjóður | 16.000 | 0 |
| | **AÐRAR SKAMMTÍMASKULDIR ALLS** | 234.720 | 0 |

# Áritun skoðunarmanna

Við undirritaðir kjörnir skoðunarmenn reikninga SÍL fyrir árið 2021 höfum yfirfarið reikningana og borið saman við fylgiskjöl og bókhaldsfærslur og höfum engar athugasemdir þar við.

Reykjavík 20. mars 2022

________________________ ___________________________

Gunnar Haraldsson Ólafur Már Ólafsson